

FINNSKUR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR FÆR NIGHTINGALE-VERÐLAUNIN

Finnska hjúkrunarfræðingnum Liisu Hallila, sem jafnframt er doktor í heimspeki, voru veitt Florence Nightingale-verðlaunin á hátíðlegum hádegisverðarfundi á ráðstefnu Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga (ICN) á Möltu í maí sl. Ritstjóri finnska hjúkrunartímaritsins, Eva Agge, tók hana tali á ráðstefnunni.

„Ég gleðst fyrir hönd finnskrar hjúkrunar. Ég vil sérstaklega þakka stjórn finnsku hjúkrunarfræðingasamtakanna sem sóttu um þessi verðlaun fyrir mína hönd,“ sagði Liisa Hallila við afhendingu þeirra.

Áður en formleg verðlaunaafhending fór fram sagði Liisa Hallila á svölunum á sólríku kaffihúsi að hún hefði getað gefið sér tíma til að taka við verðlaunum og taka þátt í ráðstefnu ICN á Möltu af því að nú væri hún að sækja um styrk fyrir nýtt verkefni. Næstu hugsanlegu vinnustaðir væru háskóli í Sádi-Arabíu, verkefni Evrópusambandsins og verkefni WHO í Bangladess, en þar hefur hún áður starfað.

„Með réttum og markvissum aðgerðum, sem sýnt hefur verið fram á að skili árangri, tókst verkefnið í Bangladess sannarlega vel, ég er mjög ánægð,“ segir Liisa. Þakklæti hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á hverjum stað hefur Liisu Hallila þótt það besta við alþjóðleg þróunarverkefni.

Áður hafa Albanía, Kosovo og Papúa verið nefnd í starfsvottorðum Liisu Hallila, auk meðal annars Indónesíu og Rússlands. Í þessum löndum og fleiri hefur Liisa Hallila mótað menntun og umönnunarstörf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. „Snemma á ferlinum leiddist ég út í þessi þróunarstörf,“ segir Liisa hlæjandi.



„Ég hef fengið að gera það sem mig hefur langað til,“ segir Liisa Hallila. Mynd: Anders Olsson.

En hvernig finnur maður svona störf? „Ég hef verið sjálfstæður atvinnurekandi og ráðgjafi í um tuttugu ár. Ég sæki um störf og verkefni allveg eins og allir aðrir, leita á vefsíðum WHO og Sameinuðu þjóðanna eftir áhugaverðum verkefnum. Svo sendi ég ferilskrána.“

Liisa Hallila segist öðru hvoru sækja um vinnu í heimalandinu en henni finnst fordómar gagnvart eldri konum mjög miklir í Finnlandi. Í alþjóðlegum verkefnum kunna menn vel að meta fjölbreytta kunnáttu og reynslu. Hún skrifaði doktorsritgerð sína við Caledoniaháskólann í Glasgow til að öðlast alþjóðlega reynslu og bæta tungumálakunnáttuna. Doktorsrannsóknirnar hafa tvímælalaust gagnast henni á ferlinum.

Við verkefnisvinnuna í starfslandinu virkjar Liisa Hallila fyrst starfsfólk staðarins. Hún fer síðan með starfsmönnum verkefnisins á fund ráðuneytismanna. Annars myndu þessir tveir aðilar ekki endilega hittast

og ræða málin. „Þannig fer í raun fram þarfagreining,“ útskýrir Liisa Hallila og fær þetta til að virðast auðvelt.

Henni finnst öll störf auðveld ef menn kunna sitt fag. Hún segist hafa nýlokið kennaraprófi frá háskóla í New York til viðbótar við meistaraþrófið. Stöðugt nám heldur fólki spræku.

Í Bangladess tók Liisa Hallila þátt í að semja markmiðs- og starfsáætlun fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Hún segist hafa sótt stefnumótun fyrir starfið í rannsóknir sem gerðar voru á staðnum.

Í þakkarræðu við verðlaunaafhendinguna lagði Liisa Hallila áherslu á mikilvægi stuðnings frá heimalandinu. Hún hefur tekið þátt í störfum rannsóknarsjóðs umönnunar í Finnlandi frá því að hún lauk námi. „Þaðan hef ég fengið mikinn stuðning við hugmyndir mínar og störf,“ segir hún.